[1] Byggir á almennum gögnum UNEP skv. Muñoz & Navia (2015). Waste Management & Research. Vol. 33(7), 593-594.

# B.7 – Úrgangur




**Niðurstöður**

- Ástand urðunarstaða er yfir þolmörkum.
- Samanlagt magn sem má farga samkvæmt starfsleyfum og afkastagetu urðunarstaða og brennslustöðva er 177.800 tonn/ári
- Fargað magn 2017 var 176.623 tonn
  - Nýting starfsleyfa urðunarstaða og afkastagetu sorpbrennslu var því 99% fyrir árið 2017, þar af 6% vegna erlendra ferðamanna.
- Í sviðsmyndum fyrir árið 2030 eykst sorpmagn um
  - u.þ.b. 116.000 vegna fólksfjölgunar
  - u.þ.b. 19.000-54.000 tonn vegna aukins fjölda ferðamanna
- Í sviðsmyndum er reiknað með að ekki sé ráðist í neinar framkvæmdir umfram þær sem þarf til að viðhalda því magni sem hægt er að farga í dag.

# B.7 – Úrgangur

**Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum**



Núverandi 2% vöxtur 5% vöxtur

**Túlkun**

- Ástand urðunarstaða í dag er yfir þolmörkum.
- Ef færa á ástandið í dag (99% nýtingu starfsleyfa) niður fyrir þolmörk (85% nýtingu starfsleyfa) þarf að finna 25.500 tonnum af sorpi á ári farveg.
- Samanlagt viðbótarmagn sorps á árunum 2019-2030 vegna fólksfjölgunar er 116.000 tonn
- Samanlagt viðbótarmagn sorps á árunum 2019-2030 vegna aukins fjölda ferðamanna er
  - 19.400 tonn í sviðsmyndinni fyrir 2% vöxt
  - 53.700 tonn í sviðsmyndinni fyrir 5% vöxt
- Hlutdeild ferðamanna í förgun úrgangs var metin út frá almennum gögnum en betra væri að mæla sorpmyndun ferðamanna á Íslandi og hversu hátt hlutfall úrgangs fer í urðun

ATVINNUVEGA OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála

EFLA TRC RTS



# UMHVERFI: NÁTTÚRUSTAÐIR OG LOFTLAGSMÁL

# B.6 – Náttúrustaðir

## Úttektarstaðir



Ástand náttúru á ferðamannastöðum (vísar B.6.1 - B.6.3) er metið árlega af Umhverfisstofnun. Stofnunin metur ástand allra svæða í sinni umsjón en eingöngu staðir sóttir af ferðamönnun eru teknir með í úrvinnslu vísa þessa verkefnis. Notast er við sömu gögn og flokka og Umhverfisstofnun notar í sínu mati.

## Upplifun og viðhorf



Upplifun og viðhorf, bæði erlendra ferðamanna og Íslendinga, eru metin (vísar B.6.4 – B.6.6)

- Upplifun og viðhorf erlendra ferðamanna er metið út frá niðurstöðum landamærakönnunar Ferðamálastofu meðal erlendra brottfararfarþega á Keflavíkurflugvelli sumarið 2016.
- Upplifun og viðhorf Íslendinga er metið út frá niðurstöðum könnunar Ferðamálastofu sem lögð var fyrir Íslendinga búsetta á Íslandi árið 2017.

# B.6 – Náttúrustaðir

## Vísir




## Ástand náttúrustaða

- Í heildina er ástand ferðamannastaða í ástandsmati Umhverfisstofnunar farið að nálgast þolmörk eða komið yfir þolmörk.
- Skipulag á ferðamannstöðum fær verstu einkunnina og er komið yfir þolmörk.
- Þó að einkunnir allra staða séu mismunandi og spanni stórt bil er meirihluti staða farinn að nálgast þolmörk í öllum flokkum.
- Ekki er hægt að greina þróun einkunna eftir árum og tengsl við fjölda ferðamanna sökum þess hve nýtt úttektarverkfærið er.

# B.6 – Náttúrustaðir

## Vísir




## Viðhorf til náttúrustaða

- Það er augljós munur á viðhorfi erlendra ferðamanna og Íslendinga til ástands náttúru.
  - Erlendir ferðamenn eru sáttir við upplifun og ástand náttúru og ferðamannstaða.
  - Íslendingar eru nokkuð neikvæðir og áhyggjufullir um áhrif ferðamanna á náttúru, gönguleiðir og aðgengi að náttúru.
- Sökum skorts á gögnum sem spanna fleiri en eitt ár er ekki hægt að sjá þróun í viðhorfi erlendra ferðamanna og viðhorfi Íslendinga til gönguleiða.
- Eingöngu er hægt að sjá þróun á viðhorfi Íslendinga til áhrifa ferðamanna á náttúru og aðgengi að náttúru. Báðir þessir vísar versna með auknum fjölda ferðamanna.
- Þó ekki sé hægt að reikna út þróun út frá fyrirliggjandi gögnum fyrir hina þrjá vísana er líklegt að þeir myndu sömuleiðis versna með auknum fjölda ferðamanna.

# B.6 – Náttúrustaðir

**Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum**



Núverandi

2% vöxtur

5% vöxtur

**Túlkun**

- Núverandi ástand er farið að nálgast þolmörk og með aukinni fjölgun ferðamann mun ástandið ná þolmörkum ef fjölguninni er ekki mætt með aðgerðum og fjárfestinum.
- Mesta þörfin er á betra skipulagi og umsjón ferðamannastaða.
- Næstmest er þörfin fyrir betri innviði. Ekki ætti að ráðast í uppbyggingu innviða fyrr en ákveðið hefur verið hvernig skipulagi og umsjón með ferðamannastaðnum skuli háttað.

EFLA TRC RTS

# B.8 – Kolefnisspor ferðamanna

## Inngangur

- Ísland hefur skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030 m.v. 1990
- Hér er horft til losunar frá vegasamgöngum og innanlandsflugi en ekki til skemmtiferðaskipa
- Vísarnir mæla hversu langt við erum frá því að uppfylla markmið sem Ísland hefur sett sér um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.
  - Yfir þolmörkum: Losun er meiri en markmið
  - Undir þolmörkum: Losun er minni en 90% af markmiði
- Losunarstuðlar voru framreiknaðir til 2030
  - Einkabílar: Rafvæðing skv. spám (13% rafbílar 2030)
  - Bílaleigubílar: Rafvæðing dregst (áfram)
- Reiknað með að losun í sviðsmyndum aukist hlutfallslega með fjölgun ferðamanna og íbúa



# B.8 – Kolefnisspor ferðamanna

## Vegasamgöngur: 2% vöxtur í fjölda ferðamanna




## Vegasamgöngur: 5% vöxtur í fjölda ferðamanna




Myndirnar sýna sviðsmyndir fyrir þróun losunar í vegasamgöngum vegna fjölgunar íbúa og ferðamanna og breytinga í losunarstuðli flota. Grænblá lína sýnir hver losunin þyrfti að vera til að geta staðið við markmið um 20% samdrátt í losun fyrir 2020 og 40% samdrátt í losun fyrir 2030 miðað við 1990.

# B.8 – Kolefnisspor ferðamanna

## Innanlandsflug: 2% vöxtur í fjölda ferðamanna




## Innanlandsflug: 5% vöxtur í fjölda ferðamanna




Myndirnar sýna sviðsmyndir fyrir þróun losunar í innanlandsflugi vegna fjölgunar íbúa og ferðamanna. Grænblá lína sýnir hver losunin þyrfti að vera til að geta staðið við markmið um 20% samdrátt í losun fyrir 2020 og 40% samdrátt í losun fyrir 2030 miðað við 1990.

# B.8 – Kolefnisspor ferðamanna




- Núverandi ástand
  - Vegasamgöngur:
    Ekki að uppfylla markmið
  - Innanlandsflug:
    Erum að uppfylla markmið
- Sviðsmyndir
  - Fjarri því að uppfylla markmið
- Hlutdeild erlendra ferðamanna í kolefnisspori 10-19%

# B.8 – Kolefnisspor ferðamanna

## Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum




## Túlkun

- Losun vegna vegasamgangna og innanlandsflugs er langt yfir settu markmiði um samdrátt í losun
- Öflugar aðgerðir þarf í samgöngum til að draga úr losun ef standa á við sett markmið
- Stærstur hluti kolefnisspors ferðamanna er vegna bílaleigubíla en líka hópferðabíla
- Bílaleigubílar eru tæplega helmingur innfluttra bíla en bílaleigubílar hafa setið á hakanum í rafbílavæðingunni
- Hleðslustöðvar vantar við gististaði og hraðhleðslustöðvar vantar við áningarstaði

ATVINNUVEGA OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála

EFLA

TRC RTS



# SAMFÉLAGSMÁL OG STOÐÞJÓNUSTA

# C.1 – Heilbrigðisþjónusta

**Inngangur**

- Vísar sem meta álag á mismunandi þjónustueiningar heilbrigðiskerfis.
- Gögn yfir einstaklinga með svokallaða „gervikennitölu“ eru notuð til að meta fjölda erlendra ferðamanna.
- Mat á þolmörkum í heilbrigðisþjónustu fer að verulegu leyti eftir útgjöldum hins opinbera til málaflokksins.
- Til lengri tíma litið þarf að meta með nánari hætti hvers konar álag þjónusta við erlenda ferðamenn skapar og hvernig grípa þurfi til aðgerða til að halda heilbrigðisþjónustu undir þolmörkum.



# C.1 – Heilbrigðisþjónusta

## Inngangur

- Fjöldi koma erlendra ferðamanna á slysa- og bráðaþjónustu hefur aukist úr rúmlega 1.300 árið 2010 til rúmlega 4.300 árið 2017.
- Slysum á hverja 1.000 ferðamenn hefur fækkað úr um 3,0 í um 2,0.
- Hlutdeild erlendra ferðamanna af slysa- og braðamóttöku hefur aukist úr tæpum 2% árið 2010 í 4% árið 2017.
- Hlutdeild erlendra ferðamanna af sjúkraflutningum hefur aukist úr 3% árið 2013 í rúmlega 5% árið 2017.
- Hlutdeildin er hæst í því sem tengja má við slys og óhöpp.
- Á heilsugæslustöðvum var hlutfall erlendra ferðamanna af þeim sem nutu þjónustu um 0,7% árið 2015 og hefur fjöldinn tvöfaldast á fáum árum.






# C.1 – Heilbrigðisþjónusta

## Núverandi ástand




## Túlkun

- Núverandi ástand allra vísa er farið að nálgast þolmörk.
- Heildarfjöldi erlendra ferðamanna á slysa- og bráðamóttöku sjúkrahúsanna hefur þrefaldast frá 2010.
- Ástandið byggir á landinu í heild en mikill munur er á fjölda ferðamanna á milli landshluta og hlutdeild þeirra í þjónustu á heilbrigðisstofnunum.
- Ef miðað er við 2% vöxt til 2030 má fyrir vísi C.1.1 búast við um 2.000 fleiri komum á sjúkrahús en árið 2017. Ef miðað er við 5% vöxt yrðu um 5.000 fleiri komur.
- Niðurstaða sviðsmynda fyrir vísi C.1.2 er 1,3% fyrir 2% vöxt, en 1,8% fyrir 5% vöxt.
- Áætlað er að komum erlendra ferðamanna á slysa- og bráðadeildir muni fjölga um 1.400 við 2% vöxt og 3.500 við 5% vöxt til 2030.
- Svipaða sögu má segja um sjúkraflutninga en við 2% og 5% fjölgun ferðamanna á ári eykst hlutdeildin í um 6% og 8,4%.

# C.1 – Heilbrigðisþjónusta

**Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum**




**Túlkun**

- Heildarniðurstaða fyrir núverandi stöðu er að heilbrigðisþjónusta sé farin að nálgast þolmörk en nærri því að komast undir þolmörk.
- Í sviðsmyndunum eru niðurstöðurnar að ástandið sé farið að nálgast þolmörk m.v. núverandi rekstur og byggir það á aukinni þjónustu við erlenda ferðamenn.
- Til þess að komast undir þolmörk í sviðsmyndunum þarf að grípa til beinna aðgerða og má þar einna helst nefna aukinn fjölda heilbrigðisstarfsfólks og betri aðbúnaður til þess að taka á móti og þjónusta þá sem á sjúkrahús koma.

# C.2- Löggæsla

## Inngangur

- Undanfarin ár hefur orðið mikil fjölgun atvika og umferðarslysa sem lögregla þarf að sinna þar sem erlendir ferðamenn koma við sögu.
- Fjöldi ferðamanna er misjafn milli landshluta og hefur því mismikil áhrif á störf lögreglu í landshlutunum.
- Mælikvarðar til að meta þjónustu- og öryggisstig lögreglu liggja ekki fyrir en munu gera það á næstu árum, sbr. markmið í drögum að löggæsluáætlun.
- Álagsmatið sem sett er fram varðandi þolmörk þjónustu lögreglu þarf að uppfæra miðað við þjónustu- og öryggisstig í löggæsluáætlun þegar þau liggja fyrir.
- Það er mat lögreglunnar að fjölgun ferðamanna hafi haft veruleg áhrif á starfsemi lögreglunnar, og því var niðurstaðan sú að málaflokkurinn væri innan þeirra marka sem kallast „Farið að nálgast þolmörk“.



# C.2- Löggæsla

## Inngangur

- Fjöldi slasaðra erlendra einstaklinga í umferðarslysum fjölgaði á árunum 2006-2017 úr 133 í 375. Á sama tímabili fjölgaði ferðamönnum úr 422.280 í 2.224.603.
- Söguleg þróun fjölda umferðarslysa sem lögregla hefur aðkomu að í samanburði við fjölda gistinátta gefur til kynna að umferðarslysum sé ekki að fjölga á hverjar 100 þús. gistinætur hérlendis.



# C.2- Löggæsla

## Núverandi ástand




C.2.1 Fjöldi lögreglumanna á hverja 1.000 íbúa og ferðamenn að sumri

C.2.2. Fjöldi atvika sem lögregla sinnir þar sem um erlendra ferðamenn ræðir

C.2.3 Fjöldi erlendra aðila sem lenda í umferðarslysum

Undir þolmörkum
Farið að nálgast þolmörk
Yfir þolmörkum
Núverandi ástand
2% 2030
5% 2030

## Túlkun

- Árið 2017 var fjöldi lögreglumanna á hverja 1.000 íbúa og ferðamenn að sumri um 1,5. Árið 2010 var hlutfallið um 1,9.
- Fjöldi atvika sem tengdist erlendum ferðamönnum, sem lögregla sinnti árið 2017, var um 5.700. Fjöldinn hafði aukist um nærri 4.000 atvik á 5 árum.
- Miðað við 2% fjölgun ferðamanna til 2030 má gera ráð fyrir fjöldi lögreglumanna á hverja 1.000 íbúa og ferðamenn að sumri verði 1,4 og við 5% fjölgun verði hlutfallið um 1,3.
- Ef miðað er við núverandi hlutfall fyrir vísi C.2.2 og 2% fjölgun ferðamanna til 2030 yrði fjöldi atvika um 7.700. Við 5% fjölgun yrði fjöldinn um 11 þús.
- Við 2% fjölgun ferðamanna til 2030 gæti fjöldi erlendra aðila sem lenda í umferðarslysum verið um 500, og rúmlega 700 ef miðað er við 5% fjölgun ferðamanna.

# C.2- Löggæsla

**Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum**



Núverandi | 2% vöxtur | 5% vöxtur

**Túlkun, tímarammi og kostnaður**

- Heildarniðurstaða er að núverandi ástandi er farið að nálgast þolmörk  og að mati embættis ríkislögreglustjóra er þjónustustig lögreglu ófullnægjandi. Ef litið er til sviðsmyndanna tveggja eru niðurstöðurnar þær að miðað við núverandi fjölda lögreglumanna verði staðan orðin slík árið 2030 að hún verði enn frekar farin að nálgast þolmörk.
- Fjöldi þeirra atvika og umferðarslysa sem tengjast erlendum ferðamönnum eru mikilvægustu vísarnir og sýna beina aðkomu lögreglu að ferðamönnunum og fara báðir þeir vísar að nálgast þolmörk í sviðsmyndunum.
- Rannsaka þarf frekar samspil milli fjölda erlendra ferðamanna og löggæslumála til að kanna þolmörkin nánar.

# D.1- Húsnæðismarkaður

**Inngangur**

- Á fjölmörgum vefsíðum bjóða eigendur ferðamönnum að gista í íbúðum sínum. Airbnb er einna stærst hérlendis.
- Á vefsíðunum er mikið framboð af mismunandi gistimöguleikum. Mest er framboð af íbúðarhúsnæði en einnig t.d.  sumarbústöðum og herbergi gistiheimila.
- Vísi fyrir húsnæðismarkaðinn er ætlað að leggja mat á hlutfall þeirra íbúða sem boðnar eru fram í fleiri en 90 daga á ári af heildarfjölda íbúða á húsnæðismarkaði.
- Gera má ráð fyrir að þær íbúðir sem hér er litið til væru annars á almennum húsnæðismarkaði.
- Ekki er litið sérstaklega til rekstrarleyfa íbúða sem leigðar eru út lengur en 90 daga.



# D.1 – Húsnæðismarkaður

## Núverandi ástand




## Túlkun

- Ekki hafa farið fram rannsóknir hérlendis á viðhorfi íbúa til gistingar í íbúðarhúsnæði.
- Litið til tveggja sveitarfélaga sem stemmt hafa stigu við notkun íbúðarhúsnæðis sem gistimöguleika. Hlutdeildin í þessum tveimur sveitarfélögum er metin milli 6 -7% og þolmörk eru því sett við 6%.
- Hlutfall er hæst á Suðurlandi þar sem það er 4,2% og 3,0% á höfuðborgarsvæðinu.
- Í sviðsmyndum er gert ráð fyrir að fjöldi íbúða aukist í samræmi við fjölda íbúa.
- Líklegt að notkun ferðamanna á gistingu í íbúðarhúsnæði ráðist af m.a. framboði og verðlagningu á öðrum gistimöguleikum og því umhverfi sem hið opinbera setur. Hér hefur ekki verið tekið tillit til neinna slíkra þátta

# D.1 – Húsnæðismarkaður

**Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum**



Núverandi　　2% vöxtur　　5% vöxtur

**Túlkun**

- Fyrir núverandi stöðu er það metið sem svo að ástandið sé undir þolmörkum.
- 2% fjölgun ferðamanna á ári mun leiða til þess að ástandið væri farið að nálgast þolmörk og enn frekar með 5% vexti.
- Fyrir sviðsmyndirnar hefur verið gert ráð fyrir því að fjöldi íbúða á húsnæðismarkaði aukist í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu, eða um um 0,6% að meðaltali á ári til ársins 2030.
- Eins og fyrr segir er ekki litið til þeirra fjölmörgu þátta sem geta haft áhrif á framboð og eftirspurn eftir gistingu í íbúðarhúsnæði.

## D.2- Vinnumarkaður

### Inngangur

- Mikil fjölgun starfa innan ferðþjónustu hefur átt sér stað undanfarin ár samhliða vexti greinarinnar.
- Vísunum í þessum kafla er ætla að varpa ljósi á vinnuaflið í ferðaþjónustunni og samsetningu þess miðað við aldur, kyn og þjóðerni.
- Að auki  er vísir sem mælir með beinum hætti fjölda brautskráninga úr námi sem tengist einna helst ferðaþjónustu.
- Gögn um vinnuafl í ferðaþjónustu eru fremur takmörkuð, sérstaklega hvað varðar aldur þeirra sem vinna í greininni. Takmarkaðar ályktanir er þar af leiðandi hægt að draga.
- Erlendum launþegum sem starfa í ferðaþjónustu hefur fjölgað á undanförnum árum.
- Þolmörk eru ekki sett fyrir vísa á vinnumarkaði.



# D.2- Vinnumarkaður

## Inngangur

- Í gögnum Hagstofu kemur fram fjöldi innflytjenda skv. staðgreiðsluskrá og hefur hann aukist úr tæplega 3.000 árið 2008 í nærri 9.000 árið 2017.
- Hlutdeildin í ferðaþjónustu var um 15% fyrir karla og um 18% fyrir konur árið 2008 en var orðin 26% fyrir karla og 28% fyrir konur árið 2017. Samandregið var hlutdeild innflytjenda 27%.
- Í samanburði OECD frá 2015 kemur fram að hlutdeild erlends vinnuafls er um 4 prósentum lægra í ferðaþjónustu hérlendis en að meðaltali í OECD löndunum.
- Kynjahlutallið hefur verið jafnara í ferðaþjónustu samanborið við vinnumarkað í heild.






# D.2- Vinnumarkaður

## Inngangur

- Vinnuafl í ferðaþjónustu er yngra að meðaltali samanborið við vinnumarkað í heild.
- Mikil aukning hefur verið í brautskráningum tengdum ferðum, ferðamennsku og afþreyingu en svipaður fjöldi í greinum tengdum hótelum, veitingahúsum og –þjónustu.
- Hæfnissetur ferðaþjónustunnar hefur verið komið á fót og er ætlað að meðal annars auka hæfni starfsfólks og gæði innan greinarinnar.
- Í væntanlegri könnun Ferðamálastofu meðal starfsfólks í ferðaþjónustu er meðal annars spurt hvort starfsmenn séu líklegir til að starfa áfram innan ferðaþjónustu (e. turnover intention).






# D.2- Vinnumarkaður

## Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum




## Túlkun, tímarammi og kostnaður

- Ekki er unnt að meta hvernig samsetning vinnuafls mun þróast miðað við aldur og kyn ef fjöldi ferðamanna eykst um 2% eða 5%.
- Á undanförnum árum hefur vinnuafl í ferðaþjónustu verið nokkru yngra en almennt gerist á vinnumarkaði og gera má ráð fyrir að svo verði áfram. Kynjahlutföll hafa verið jöfn og búast má við slíkri þróun áfram.
- Miðað við 2% vöxt getur fjöldi starfsfólks verið um 11 þúsund og miðað við 5% vöxt um 15 þúsund.
- Aukning í fjölda innflytjenda sem starfa í greininni er því um 3 til 6 þúsund eftir því hvort miðað er við 2% eða 5% fjölgun ferðamanna.
- Slík aukning í mannfjölda mun ein og sér hafa áhrif á fjölmarga innviði og samfélagslega þætti eins og húsnæðismarkað.

# D.3 – Áhrif á ferðamenn

**Inngangur**

- Tilgangurinn er að meta jákvæð og neikvæð viðhorf erlendra ferðamanna á Íslandi.
- Viðhorf er metið út frá landamærakönnun Ferðamálastofu og netkönnun sem send er á farþega sem fara um völlinn.
- Þolmörkin eru byggð á áliti sérfræðinga og alþjóðlegum samanburði.



# D.3 – Áhrif á ferðamenn

## Núverandi ástand




## Túlkun

- Ferðamenn hafa yfirleitt jákvæð viðhorf til reynslu sinnar á Íslandi.
- Vísir D.3.1 – Meðmælaskor er sá vísanna sem lýsir best viðhorfi ferðamannanna til upplifunar sinnar.
  - Ísland = +72 í júlí 2018, +83 í nóvember 2018
  - Nýja Sjáland = +76
  - Finnland = +47 (+52 fyrir fólk í fríi)
  - Ástralía = +43
- Vísir D.3.1 - Meðmælaskor er farið að nálgast þolmörk við 2% vöxt ferðamanna. Þetta er áhyggjuefni því skorið er mikilvægur mælikvarði á alhliða upplifun ferðamanna á landinu og líkurnar á því að þeir mæli með því við aðra.

# D.3 – Áhrif á ferðamenn

## Núverandi ástand




## Túlkun

- Líkur á því að ferðamenn að sumri til vilji koma aftur er eini vísirinn sem farinn er að nálgast þolmörk.
- Spurningunni sem notuð er til að mæla vísi D.3.3 þarf að skipta út fyrir aðra sem mælir betur hvort ferðamenn telja ferðina hafa verið peninganna virði (sjá tillögu í viðauka D.3). Niðurstaðan hér er ómarktæk því spurningin mælir ekki virðismat svarendanna.
- Vísir D.3.4 - Ánægja með fjölda ferðamanna á sumrin nálgast þolmörk við 2% vöxt ferðamanna. Ekki er mögulegt að meta stöðuna fyrir vetrarferðamenn vegna skorts á gögnum.

# D.3 – Áhrif á ferðamenn

### Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum




### Túlkun

- Ferðamenn hafa yfirleitt jákvæð viðhorf til reynslu sinnar á Íslandi.
- Almennt er gert ráð fyrir að viðhorf erlendra ferðamanna á Íslandi verði neikvæðara eftir því sem þeim fjölgar.
- Sérlega varhugavert er að við báðar sviðsmyndirnar, 2% og 5% vöxt, fer vísir D.3.1 - Meðmælaskor að nálgast þolmörk.
- Við 5% vaxtarspá nálgast fleiri vísar þolmörk, sem leiðir til verra heildarmats fyrir þá sviðsmynd miðað við 2% vaxtarspána.
- Ekkert mat er hægt að leggja á hvort ferðamenn muni telja ferðina peninganna virði í sviðsmyndunum vegna skorts á viðunandi gögnum.

# D.4 – Áhrif á íbúa

**Inngangur**

- Tilgangurinn er að meta jákvæð og neikvæð viðhorf íbúa til ferðaþjónustu.
- Viðhorfsspurningar voru teknar úr eftirfarandi könnunum:
  - Rannsókarmiðstöð ferðamála (RMF) 2018. Því meiri samskipti - því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017.
  - Rannsóknamiðstöð ferðamála 2015. Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu. Greining könnunar meðal Íslendinga í október 2014. Unnið fyrir Ferðamálastofu.
- Þolmörkin eru byggð á áliti sérfræðinga og alþjóðlegum samanburði.



## D.4 – Áhrif á íbúa

### Núverandi ástand




### Túlkun

- Almennt er viðhorf íbúa gagnvart ferðaþjónustu og ferðamönnum jákvætt, en er þó að nálgast þolmörk.
- Viðhorf íbúa geta verið mjög breytileg eftir svæðum og staðsetningu. Samantekt á landsvísu getur ekki tekið á slíkum upplýsingum, þó mikilvægar séu.
- Af þeim íbúum sem ekki telja að fjöldi ferðamanna í heimabæ sínum sé hæfilegur, telja flestir að það séu of margir á sumrin og of fáir á veturna.

# D.4 – Áhrif á íbúa

## Núverandi ástand




## Túlkun

- Íslendingar upplifa eitthvert ónæði af ferðamönnum og forðast suma staði á landinu, og samfélagsbreytingar, vegna fjölda ferðamanna þar.
- Ferðaþjónusta veldur bæði efnahagslegum ávinningi og jákvæðum samfélagslegum breytingum, en spurningarnar sem notaðar eru til að mæla þessa vísa þarfnast endurskoðunar svo þær nýtist betur sem vísar.

# D.4 – Áhrif á íbúa

**Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum**



Núverandi | 2% vöxtur | 5% vöxtur

**Túlkun**

- Almennt er viðhorf íbúa gagnvart ferðaþjónustu og ferðamönnum jákvætt, en er þó að nálgast þolmörk.
- Almennt er gert ráð fyrir að viðhorf íbúa til ferðaþjónustu verði neikvæðara eftir því sem ferðamönnum til Íslands fjölgar.
  - Líkleg undantekning er ánægja með fjölgun ferðamanna í heimabæjum svarenda á veturna.
- Þessar áætlanir eru byggðar á takmörkuðum gögnum. Koma þarf á reglulegri gagnaöflun um viðhorf íbúa.

ATVINNUVEGA OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála

EFLA

TRC RTS



# NIÐURSTÖÐUR

# Sviðsmyndir




ATVINNUVEGA OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála

EFLA
TRC RTS

# Sviðsmyndir




ATVINNUVEGA OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála

# Sviðsmyndir




ATVINNUVEGA OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála

# Fótspor ferðamannsins á innviði, samfélag, efnahag og umhverfi

- **Þjóðhagslegar stærðir** (6 vísar)
- **Innviðir**
  - Vegir (5 vísar)
  - Flugvellir (9 vísar)
  - Hafnir (15 vísar)
  - Fráveitur (1 vísir)
  - Vatnsveitur (3 vísar)
  - Náttúrustaðir (8 vísar)
  - Úrgangur (1 vísir)
  - Kolefnisspor (2 vísar)
- **Stoðþjónusta**
  - Heilbrigðisgæsla (4 vísar)
  - Löggæsla (3 vísar)
- **Samfélag**
  - Húsnæðismarkaður (1 vísir)
  - Vinnumarkaður (4 vísar)
  - Viðhorf ferðamanna (5 vísar)
  - Viðhorf heimamanna (5 vísar)

## Samantekt á niðurstöðum

# Fótspor ferðamannsins á innviði, samfélag, efnahag og umhverfi



## Fótspor ferðamannsins á innviði, samfélag, efnahag og umhverfi



## Fótspor ferðamannsins á innviði, samfélag, efnahag og umhverfi



# Ástand sjálfbærnistoða
# Umhverfi – Samfélag - Efnahagur




ATVINNUVEGA OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála

# Samantekt

| Flokkur - nafn | | Ástand | | | Kostnaður (milljarðar) til 2030 | | | Tímarammi (hreyfanleiki) | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Núverandi | 2% | 5% | Núverandi | 2% | 5% | 0-1 ár | 1-3 ár | 3 > ár |
| **Þjóðhagslegar stærðir** | Þjóðhagslegar stærðir | | | | Á ekki við | | | | | |
| **Innviðir** | Vegir | | | | 70 | 100 | 110 | | | ✓ |
| | Flugvellir: KEF | | | | | | | | | |
| | Flugvellir: Alþjóða | | | | 9 | 9 | 9 | | | ✓ |
| | Flugvellir: Innanlands | | | | | | | | | |
| | Hafnir: Flokkur 1 | | | | | | | | | |
| | Hafnir: Flokkur 2 | | | | 2 | 2 | 7 | | | ✓ |
| | Hafnir: Flokkur 3 | | | | | | | | | |
| | Fráveitur | | | | 8 | 10 | 11 | | | ✓ |
| | Vatnsveitur | | | | 8 | 8 | 8 | | | ✓ |
| | Náttúrustaðir | | | | 35 | 45 | 64 | | | |
| | Úrgangur | | | | 17 | 18 | 19 | | | ✓ |
| | Kolefnisspor ferðamanna | | | | Ekki metið | | | | | |
| **Stoðþjónusta** | Heilbrigðisþjónusta | | | | Ekki metið | | | | | |
| | Löggæsla | | | | Ekki metið | | | | | |
| **Samfélag** | Húsnæðismarkaður | | | | Ekki metið | | | | | |
| | Vinnumarkaður | | | | Ekki metið | | | | | |
| | Viðhorf ferðamanna | | | | Ekki metið | | | | | |
| | Viðhorf íbúa | | | | Ekki metið | | | | | |

# Kostnaður og aðgerðatími innviða

**Núverandi ástand**



EFLA

# Kostnaður og aðgerðatími innviða

**2% vöxtur til 2030**



# Kostnaður og aðgerðatími innviða

**5% vöxtur til 2030**



EFLA

TRC RTS

# Takk fyrir áheyrnina



ATVINNUVEGA OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála


Jafnvægisás ferðamála
Vísir A.2.1 Hlutdeild ferðaþjónustu í útflutningstekjum
Ár
2018
Hlutfall ferðaþjónustu
39,21%
40%
20%
0%
Undir þolmörkum
Farið að nálgast þolmörk
Yfir þolmörkum
Núveran
Hlutdeild ferðaþjónustu í útflutningstekjum
2013
2014
2015
2016
2017
2018
2019
Gjaldeyristekjur alls
6,38M
Gjaldeyristekjur sjávarútv.
1,28M
Gjaldeyristekjur álframl.
1,11M
Gjaldeyristekjur ferðaþj.
2,12M
Hlutfall ferðaþjónustu
33,27%
10M
5M
0M
30%
10%
VISUALIZATIONS
Values
Add data fields here
FILTERS
Page level filters
Drag data fields here
Report level filters
Drag data fields here
DRILLTHROUGH
Keep all filters
Off
A.2.1
A.2.2
A.3.1
Tooltip A.1.1
Tooltip A.1.2
Tooltip A.1.3
Tooltip A.2.1
Tooltip A.2.2